






COMENIUS
 FYRIR LEIK-, GRUNN- OG
 FRAMHALDSSKÓLASTIGIÐ



www.comenius.is



Stjórnardæld mennta-
 og menningarmála
 Menntaáætlun Evrópusambandsins

COMENIUS TENGIR SAMAN EVRÓPSKA SKÓLA

Comeniusarþáttur Menntaáætlunar ESB dregur nafn sitt af tékkneska guðfræðingnum, heimspekingnum og uppeldisfrömuðinum Jan Amos Comenius (1592 – 1670) sem oft hefur verið nefndur faðir menntunar nútímans. Hann var sannfærður um að með menntun gæti maðurinn nýtt hæfileika sína til fulls.

COMENIUS nær til leik-, grunn- og framhaldsskólastigsins auk skólafyrivalda um alla Evrópu.

MEGINMARKMIÐ Í COMENIUS

- Að þróa þekkingu og skilning á meðal nemenda og kennara/ skólustjóra/skólafarsfólks á fjölbreytileika evrópskar menningar og evrópskra tungumála og læra að meta gildi fjölbreytileikans.
- Að aðstoða nemendur við að tileinka sér grunnlífsleikni og hæfni til að komast til manns og vera þátttakandi í atvinnulífinu og vera virkur Evrópubúi.

FORGANGSÁHERSLUR SKÓLAVERKEFNA: Árið 2011 verður tileinkað sjálfbóðastarfi í Evrópu, með það að markmiði að auðvelda þátttöku, auka gæði sjálfbóðastarfs, meta þátttöku og auka veg þess og virðingu.



Á COMENIUS.IS er að finna upplýsingar um mismunandi styrki áætlunarinnar en í skólaverkefnum eru eftirfarandi skref æskileg þegar farið er af stað:

- Finna minnst 2 samstarfsaðila, helst fleiri. Leitarvefir og samstarfsskólar auglýstir á heimasíðu.
- Fara á tengslaráðstefnu, margvíslegar ráðstefnur eru haldnar vítt og breitt um Evrópu. Styrkir til ferða og uppihalds. Einnig eru veittir styrkir til undirbúningsfunda ef að samstarfsaðilar eru fyrir hendi.
- Takið þátt í eTwinning.is, rafrænt skólasamstarf, ekki eru veittir styrkir þar en skemmtileg leið til að tengjast skólum í Evrópu.
- Á heimasíðu Comenius.is, er að finna lista yfir þá skóla sem hafa tekið þátt. Skoðið heimasíðu verkefna og kynnið ykkur hvað hefur verið gert.
- Skólahandbókin auðveldar leiðina að góðu samstarfsverkefni

TÖLUR OG COMENIUS Á ÍSLANDI

- 2400 kennarar hafa fengið styrki til að sækja námskeið og fundi í Evrópu.
- 170 skólar á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi hafa tekið þátt í skólaverkefnum.
- Um 2000 nemendur og 100 kennarar eru ár hvert þátttakendur í evrópsku skólasamstarfi.

STYRKIR COMENIUSAR

LANGAR ÞIG AÐ VINNA MEÐ EVRÓPSKUM SKÓLUM?

Comenius styrkir evrópsk samstarfsverkefni skóla, nemendaskipti, endurmenntun kennara, starfsþjálfun kennaranema og námsefnisgerð.

HVERJIR GETA TEKIÐ ÞÁTT?

Leik-, grunn-, og framhaldsskólar og flestir þeir er að skóla-
menntun koma; stjórnendur, kennarar, nemendur, starfsmenn
skóla, skólayfirvöld, foreldrasamtök, sveitarfélög o.fl.

HVAÐ STYRKIR COMENIUS?

EVRÓPSKT SKÓLASAMSTARF á leik-, grunn- og framhalds-
skólastigi sem byggir á þátttöku minnst 3 Evrópulanda. Verkefni
geta snúist um hvaða námsgrein sem er, t.d. stærðfræði,
tungumál, leikfimi, landafræði og lífsleikni. Skólaverkefni eru
styrkt til 2 ára og fer styrkuppþæð eftir fjölda ferða kennara og
nemenda á því tímabili. Dæmi um verkefni á www.comenius.is

UNDIRBÚNINGSHÉMSÓKNIR og þátttöku í tengslaráð-
stefnum til að koma skólaverkefnum á fót. Listi yfir ráðstefnur
sem standa til boða eru á www.comenius.is

GAGNKVÆM NEMENDASKIPTI samstarfsverkefni 2 landa,
með minnst 10 nemendur í hóp, 12 ára og eldri og ferðir vari í
minnst 10 daga. Allar námsgreinar geta átt við.

ENDURMENNTUN KENNARA Styrkir eru veittir til að sækja
námskeið í sínu fagi eða “jobshadowing” í Evrópu í 1-6 vikur. Á
eftirfarandi slóð er hægt að leita eftir námskeiðum:
www.comenius.is

EVRÓPSKA AÐSTOÐARKENNARA Verðandi kennarar fá
styrki til að aðstoða við kennslu víðs vegar í Evrópu í 3-8
mánuði. Skemmtileg og gagnleg aðstoð. Einnig geta íslenskir
skólar sótt um að fá erlenda aðstoðarkennara.

COMENIUS REGIO tvíhliða samstarf landa sem leiðir saman
skóla og sveitarfélög/stjórnvöld. Steft er að því að bæta
framboð menntunar til ungs fólks í bæjum og héruðum með
þátttöku í Comenius Regio verkefnum.

COMENIUS NEMENDASKIPTI einstaklingsstyrkir eru veittir
til lengri dvalar framhaldsskólanema í skólum í Evrópu frá 3
mánuðum til eins skólaárs. Skólar sækja um styrki fyrir hönd
sinna nemenda.

ÞRÓUN NÁMSKEIÐA OG NÁMSEFNISGERÐAR fyrir öll
skólastig. Samstarfsverkefni a.m.k. 3 landa. Umsóknir berist
beint til Framkvæmdastjórnarinnar í Brussel.

COMENIUSAR-NET tengja saman aðila sem hafa unnið
að Comeniusarverkefnum í ákveðnum málaflokkum/þemum.
Umsóknir berist beint til Framkvæmdastjórnarinnar í Brussel.

UMSÓKNARFRESTIR WWW.LME.IS

- VILTU KYNNAST EVRÓPSKU SKÓLASAMSTARFI?
- VILTU SÆKJA ENDURMENNTUNARNÁMSKEIÐ Í ÞÍNU FAGI EÐA FYLGJAST MEÐ KENNSLU Í EVRÓPSKUM SKÓLUM?
- LANGAR ÞIG AÐ FÁ EVRÓPSKAN AÐSTOÐARKENNARA?
- ERTU KENNARANEMI OG LANGAR ÞIG Í STARFSÞJÁLFUN Í EVRÓPU?
- HEFURÐU HUGMYND AÐ KENNSLUEFNI EÐA NÁMSKEIÐI FYRIR KENNARA?

**LANDSKRIFSTOFA MENNTAÁÆTLUNAR ESB VEITIR
NÁNARI UPPLÝSINGAR WWW.COMENIUS.IS**



Menntaáætlun Evrópusambandsins



Stjórnardeild mennta-
og menningarmála

Þessi þæklungur er gefinn út með styrk frá Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Efni þæklingsins endurspeglar eingöngu áföngu höfundna þess og Framkvæmda- stjórnin ber enga ábyrgð á þöf hverrig upplýsingar úr honum eru réttar. 2012[©]

LANDSKRIFSTOFA MENNTAÁÆTLUNAR ESB | WWW.COMENIUS.IS | ALÞJÓÐASKRIFSTOFA HÁSKÓLASTIGSINS
HÁSKÓLATORGI VIÐ SÆMUNDARGÖTU | 101 REYKJAVÍK | Sími 525 4311 | FAX: 525 5850 | ASK@HI.IS